

BÚÐARDAL 9.APRÍL 2002.

Alþingi

Erindi nr. P 127/1882

komudagur 12.7.2002

Til Iðnaðarnefndar alþingis
Guðjón Guðmundsson varaform.

Efni: Áriðandi tillaga um lagfæringu á frumvarpi til laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, þingskjal 1034 - 640. mál.

Inngangur: Það er mér mikil ánægja að fram er komið frumvarp til laga um niðurgreiðslu á raforku til húshitunar sem tekur föstum tókum á þeim viðskiptaþvingunum sem iðnaðarráðuneytið hefur við haft um áratugaskeið og var nú á liðnu sumri látið ganga yfir okkur hér í Dalabyggð, hjá þeim aðilum sem hitaveitan valdi sér að eiga viðskipti við og afmarkaði innan síns þjónustusvæðis.

Við þann gjörning hækkaði húshitunarkostnaður með rafmagni yfit 100 %, og var það gert án þess að orkusalinn Rarik tilkynnti um það fyrir fram.

Margir búa við það misrétti ráðuneytisins enn í dag og munu verða að gera áfram þar til þetta frumvarp hefur tekið gildi.

Þarna er komið að því sem bréf þetta snýst um, mér fynst vanta skýr fyrirmæli um að þeir sem geti sótt um niðurgreiðslur á ný og uppfylla skilyrði 2.mgr. 4.gr. laganna eigi jafnframt rétt á leiðréttingu í formi endurgreiðslu, aftur til þess tíma að bæturnar voru af þeim teknar með þvingunaraðgerð.

Það er nauðsinlegt að taka á þessu núna við lagasmíðina til að spara fólki að fara dómstólaleiðina, því að eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið um 4. gr. þar er viðurkenning á því að um viðskiptaþvingun hafi verið að ræða að hálfu ráðuneytisins.

Tillaga að lagfæringu:

Óska ég hér með eftir að skoðað verði vandlega hvort nota megi ákvæði til bráðabirgða no.1. í þeim tilgangi og myndi hún þá líta svona út.

Ákvæði til bráðabirgða

1.

Allir þeir aðilar sem við gildistöku laga þessara njóta niðurgreiðslna á orku til húshitunar og uppfylla skilyrði 4. gr. geta sótt um niðurgreiðslur, svo og aðrir sem telja sig eiga rétt á þeim, þar með taldir þeir sem hafa verið sviftir niðurgreiðslum í þeim tilgangi að þvinga þá til viðskipta við hitaveitu, enda uppfylli þeir skilyrði 2.mgr.4.gr. og er í þeim tilvikum heimil afturvirk leiðrétting í formi endurgreiðslu til þess tíma er niðurgreiðslan var afnumin. Slíkar umsóknir skulu berast innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna. Ef umsókn berst ekki falla niðurgreiðslur niður sex mánuðum frá gildistöku laganna.

Ef aðrir og skírari kostir eru til staðar, eða annað og skilvirkara orðalag sem koma má fyrir í greinum frumvarpsins, til að tryggja endurgreiðsluna þá fagna ég þeirri leið.

Til fróðleiks: Tengigjöld í Búðardal eru nú kr. 438.307.- en á sveitarbýli þar sem stofnæðin fer um kr. 1.814.105.-

Á mörgum stöðum hagar þannig til í sveitinni að fólk er orðið nokkuð gamalt og er með lítin eða engan búskap, fer eftir heilsufari þess, þar á það bara heima og getur ekki selt jarðir sínar þó það vildi. Þannig er það líka í Búðardal að búskapnum undanskyldum. Þá dettur eitthverjum í hug að stofna hitaveitu, hvað sem það kostar, það verður ekkert vandamál með þetta fólk, það er hægt að fá iðnaðarráðuneytið til að hækka hjá því rafmagnið yfir 100 % til að þvinga það í viðskipti við hitaveituna eftir að búið er að tilkynna að væntanlegt fórnarlamb sé innan þjónustusvæðis veitunnar.

Með öðrum orðum það virðist þurfa mikið betra obinbert eftirlit með undirbúningi og áætlanagerð vegna tilkomu nýrra hitaveitna í sumum tilvikum, til að forðast að til verði hitaveitur sem verða baggi á sínum viðskiptavinum, sveitarfélagi og öðrum opinberum stofnunum. (það er alltaf auðvelt að segja svona)

Með kveðju.



Svavar Garðarsson
Sunnubraut 11
370 Búðardal.

Þetta bréf er sent öllum nefndarmönnum
og Helga Bjarnasyni skrifstofustjóra í
iðnaðarráðuneytinu.